# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

**Nr. 50 98. ár** **Miðvikudaginn 25. maí 2005**

## Laus störf

*Reykjavík*

Laus er til umsóknar tímabundin staða lögreglumanns við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Um er að ræða afleysingu frá 15. júní til 31. desember 2005 við löggæslustörf á Seltjarnarnesi. Umsóknum skal skilað til lögreglustjórans í Reykjavík, starfsmannastjóra, Hverfisgötu 113 – 115, 150 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 3. júní 2005. Árni Vigfússon, aðstoðaryfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna, í síma 444 1140

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin af dómsmálaráðherra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is ,undir liðnum *„Eyðublöð“*.

Reykjavík, 17. maí 2005.
**Ríkislögreglustjórinn.**

(3688

Laus er staða kennara við Flóaskóla, skólaárið 2005-2006.

Kennslugreinar eru m.a. stærðfræði, náttúrufræði, heimilisfræði, textílmennt og smíðar í 4.-7. bekk.

Upplýsingar gefur Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, í síma 486-3360, netfang floaskoli @hotmail.com, og hún tekur jafnframt við umsóknum.

Umsóknarfrestur er til 10. júní.

Flóaskóla, 17. maí 2005.
**Kristín Sigurðardóttir,**
skólastjóri.

(3690

Kennara vantar við Grunnskóla Vesturbyggðar sem skiptist í þrjár deildir þ.e. Patreksskóla með 110 nemendur, Bíldudalsskóla með 30 nemendur og Birkimelsskóla með 20 nemendur.

Kennara vantar í eftirtaldar námsgreinar:

*Patreksskóli:* Hand- og myndmennt, upplýsinga- og tæknimennt, heimilisfræði og almenn bekkjarkennsla á yngra stigi.

*Bíldudalsskóli:* hand- og myndmennt, heimilisfræði, íþróttir og almenn bekkjarkennsla á mið og elsta stigi.

*Birkimelsskóli:* almenn bekkjarkennsla.

Upplýsingar veitir Nanna Sjöfn Pétursdóttir skólastjóri í símum 4561590 og 8641424 og netfangi nanna@vesturbyggd.is

**Nanna Sjöfn Pétursdóttir.**

(3700

## Tilkynning

*Nr. 5/2005*

### um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

| | | Vextir alls á ári |
|---|---|---|
| **I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum** | | **f.o.m. 1. júní 2005** |
| 1. | Grunnur dráttarvaxta[1)] | 8,25% |
| 2. | Vanefndaálag[2)] | 11,75% |
| 3. | Dráttarvextir[3)] | 20,0% |
| **II. Almennir vextir** | | |
| 1. | Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr.[4)] | 11,0% |
| 2. | Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr.[4)] | 4,15% |
| 3. | Vextir af skaðabótakröfum[5)] | 7,3% |
| **III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt[6)]** | | |
| 1. | Bandaríkjadollurum | 6,0% |
| 2. | Sterlingspundum | 8,0% |
| 3. | Dönskum krónum | 5,5% |
| 4. | Norskum krónum | 5,5% |
| 5. | Sænskum krónum | 5,5% |
| 6. | Svissneskum frönkum | 5,0% |
| 7. | Japönskum jenum | 5,0% |
| 8. | Evrum[7)] | 5,5% |

1) Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.
2) Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
3) Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
4) Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna.
Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.
Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
5) Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslið 4. gr. laganna.
6) Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“
7) Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. júní 2005, fellur úr gildi tilkynning nr. 4/2005 dags. 25. apríl 2005 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 20. maí 2005.
**Seðlabanki Íslands.**

3746)

# Auglýsing

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fer í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 15. maí 2005.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Bolli Þór Bollason.*

3687)

# Auglýsing

## um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir júní 2005:
Vísitala neysluverðs: 240,7 stig.
Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.753 stig.

Reykjavík, 12. maí 2005.
**Hagstofa Íslands.**

3625)

# Auglýsing

## um starfsleyfistillögu fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu, Hafnarfirði

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggur starfsleyfistillaga fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu við Óseyrarbraut, Hafnarfirði, frammi til kynningar á afgreiðslutíma í bæjarskrifstofum í ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði, á tímabilinu frá 25. maí til 20. júlí 2005.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögurnar skulu hafa borist Umhverfisstofnun fyrir 20. júlí 2005. Einnig má nálgast starfsleyfistillögurnar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://www.ust.is/

**Umhverfisstofnun, stjórnsýslusvið.**
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

3686)

# Tilkynning

## frá Lyfjastofnun um markaðsleyfi er Lyfjastofnun hefur veitt fyrir lyf á Íslandi á árinu 2005 í samræmi við EES-samninginn og á grundvelli miðlægs markaðsleyfis (EU) og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur veitt í aðildarríkjum sambandsins

1. **Lyf:**
   **Oxyglobin – EU/2/99/015/001/IS** – Innrennslislyf, lausn, 130 mg/ml, pakkning með tveimur 125 mg innrennslispokum.
   Markaðsleyfishafi: Biopure Netherlands B.V., Hollandi.
   Umboðsmaður á Íslandi:
   Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 29. nóvember 1999.
   Markaðsleyfi á Íslandi – 5 ára endurnýjun - veitt til 2. desember 2009.

2. **Lyf:**
   **Stronghold – EU/2/99/014/001/IS** – Blettunarlausn, 6%, 3 x 0,25 ml (15 mg selamectin)
   **Stronghold – EU/2/99/014/002/IS** – Blettunarlausn, 6%, 3 x 0,75 ml (45 mg selamectin)
   **Stronghold – EU/2/99/014/003/IS** – Blettunarlausn, 12%, 3 x 0,25 ml (30 mg selamectin)
   **Stronghold – EU/2/99/014/004/IS** – Blettunarlausn, 12%, 3 x 0,5 ml (60 mg selamectin)
   **Stronghold – EU/2/99/014/005/IS** – Blettunarlausn, 12%, 3 x 1,0 ml (120 mg selamectin)
   **Stronghold – EU/2/99/014/006/IS** – Blettunarlausn, 12%, 3 x 2,0 ml (240 mg selamectin)
   **Stronghold – EU/2/99/014/007/IS** – Blettunarlausn, 12%, 6 x 0,25 ml (30 mg selamectin)

# Stefnur

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir.**

gerir kunnugt: Mér hafa tjáð Guðmundur Magnússon, kt. 271027-4199, Jökulgrunni 11, 104 Reykjavík og Magnea Jenny Guðmundardóttir, kt. 020463-2449, Fálkagötu 11, Reykjavík, að þau þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjanes til ógildingar á tryggingarbréfi.

*Dómkröfur:* Stefnendur gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf útgefið í Kópavogi, hinn 4. febrúar 2003 af Þórunni Helgu Guðmundardóttir, kt. 140759-4739 til heimilis að Digranesheiði 4 í Kópavogi, að fjárhæð kr. 2.500.000 tryggt með 6. veðrétti í fasteigninni við Digranesheiði 4 í Kópavogi, íb. 0201.

*Málsástæður og önnur atvik:* Málavextir eru þeir að hinn 4. febrúar, 2003 gaf Þórunn Helga Guðmundardóttir kt. 140759-4739 út tryggingabréf til stefnenda að fjárhæð kr. 2.500.000. Bréfið var skv. efni sínu til tryggingar vegna ábyrgða stefnenda á skuldbindingum hennar. Tryggingarbréfið var tryggt upphaflega með 5. veðrétti í fasteigninni, Digranesheiði nr. 4, íbúð 0201 í Kópavogi hjá sýslumanninum í Kópavogi hinn 24. nóvember 2003 og ber þinglýsingarnúmerið S-3400/2003, bréfið er í dag tryggt með 6. veðrétti í sömu fasteign.

Stefnendur kveða skuldina vera að fullu greidda þar sem að þeir leystu til sín veðið á uppboði. Frumrit tryggingarbréfsins er glatað og hefur ekki fundist, þrátt fyrir ítarlega leit og eftirgrennslan og því hefur ekki verið unnt að aflýsa veðinu af fasteigninni. Stefnendum er því nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo unnt sé að létta veðinu af hinni veðsettu fasteign að Digranesheiði 4, íbúð 0201, Kópavogi.

*Lagarök:* Stefnendur vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Stefnendur munu við þingfestingu málsins leggja fram eftirfarandi skjöl:
1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit tryggingarbréfs.
4. Veðbókarvottorð.
5. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingu.

*Áskorun og fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum, eða telur til réttinda samkvæmt því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómhúsinu í Hafnarfirði, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 29. júní 2005, kl. 9.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða og leggja fram gögn af sinni hálfu til að sanna rétt sinn til framangreinds tryggingarbréfs. Ella má búast við að útivistardómur gangi og kröfur stefnenda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 10. maí 2005.
**Ólöf Pétursdóttir.**

(3613

**Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík, v/útibús nr. 537, Þarabakka 3, Reykjavík.**

gerir kunnugt: Að bankinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Birni Bender, kt. 280878-6189, óstaðsetts í hús, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 207.070,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2005 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins.

*Málflutningsumboð:* Ólafur Eiríksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuldin er skv. skuldabréfi nr. 967446, útg. 25. nóvember 2004, upphaflega að fjárhæð kr. 201.231 en stefndi er útgefandi bréfsins. Skuldabréfið skyldi greiðast með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti í fyrsta sinn þann 1. janúar 2005. Skuldabréfið skyldi bera kjörvexti sem skyldu vera 9,20%. Vextir skyldu reiknast frá kaupdegi.

Afborgun þann 1. janúar 2005, var ekki greidd, og féll því öll skuldin í gjalddaga. Stóð skuldin, með áföllnum vöxtum að fjárhæð kr. 1.514 og banka og vanskilakostnaði að fjárhæð kr. 4.325 í kr. 207.070 sem er stefnufjárhæðin, sbr. dómskjal nr. 3 og 4. Dráttarvaxta er krafist frá gjalddaga kröfunnar skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu þar sem stefndi er óstaðsettur í hús og óvíst um dvalarstað hans, sbr. dómskjal nr. 7.

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og málshöfðun því nauðsynleg.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi höfðar mál þetta skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu sbr. a lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Sönnunargögn:* Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram auk stefnu þessarar:

2. Skrá.
3. Frumrit skuldabréfs nr. 967446, dags. 25. nóvember 2004.
4. Útprentun af stöðu skuldar.
5. Innheimtubréf lögmanns dags. 23. mars 2005.
6. Eintak Lögbirtingablaðsins með stefnubirtingunni.
7. Staðfestingu Hagstofu Íslands um að stefndi sé skráður óstaðsettur í hús.
8. Málskostnaðarreikning.

*Áskilnaður:* Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlistunar kröfunni.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér: Birni Bender, kt. 280878-6189, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður verður í dómsal 102, í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 30. júní 2005, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð á sókn sakar og dómkröfur að hlýða til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Útivist getur leitt til þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 13. maí 2005,
f.h. stefnanda,
**Ólafur Eiríksson,** hdl.

(3626

**Stronghold – EU/2/99/014/008/IS** – Blettunarlausn, 6%, 6 x 0,75 ml (45 mg selamectin)
**Stronghold – EU/2/99/014/009/IS** – Blettunarlausn, 12%, 6 x 0,5 ml (60 mg selamectin)
**Stronghold – EU/2/99/014/010/IS** – Blettunarlausn, 12%, 6 x 1,0 ml (120 mg selamectin)
**Stronghold – EU/2/99/014/011/IS** – Blettunarlausn, 12%, 6 x 2,0 ml (240 mg selamectin)
**Stronghold – EU/2/99/014/012/IS** – Blettunarlausn, 15 mg, 60 mg/ml, einskammta túpur, 15 x 0,25 ml.
Markaðsleyfishafi: Pfizer Ltd.
Umboðsmaður á Íslandi: Icepharma hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) – veitt frá 25. nóvember 1999.
Markaðsleyfi á Íslandi – 5 ára endurnýjun - veitt til 3. desember 2009.

3. **Lyf:**
**Kivexa - EU/1/04/298/001/IS** – Töflur 600 mg abacavir og 300 mg lamivudin, glas, 30 stk.
**Kivexa - EU/1/04/298/002/IS** – Töflur 600 mg abacavir og 300 mg lamivudin, þp., 30 stk.
Markaðsleyfishafi: Glaxo Group Limited.
Umboðsmaður á Íslandi: GlaxoSmithKline ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) – veitt frá 17. desember 2004.
Markaðsleyfi á Íslandi - veitt til 17. desember 2009.

4. **Lyf:**
**Xeristar- EU/1/04/297/001/IS** – Hylki, hörð 30 mg, 28 stk. þynnupakkað
**Xeristar- EU/1/04/297/002/IS** – Hylki, hörð 60 mg, 28 stk. þynnupakkað
**Xeristar- EU/1/04/297/003/IS** – Hylki, hörð 60 mg, 84 stk. þynnupakkað
**Xeristar- EU/1/04/297/004/IS** – Hylki, hörð 60 mg, 98 stk. þynnupakkað
Markaðsleyfishafi: Boehringer Ingelheim International GmbH
Umboðsmaður á Íslandi: Eli Lilly Danmark A/S – útibú á Íslandi.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) – veitt frá 17. desember 2004.
Markaðsleyfi á Íslandi - veitt til 17. desember 2009.

5. **Lyf:**
**Cymbalta- EU/1/04/296/001/IS** – 30 mg hylki hörð, 28 stk. þynnupakkað.
**Cymbalta- EU/1/04/296/002/IS** – 60 mg hylki hörð, 28 stk. þynnupakkað.
**Cymbalta- EU/1/04/296/003/IS** – 60 mg hylki hörð, 84 stk. þynnupakkað.
**Cymbalta- EU/1/04/296/004/IS** – 60 mg hylki hörð, 98 stk. þynnupakkað.
Markaðsleyfishafi: Eli Lilly Nederland B.V.
Umboðsmaður á Íslandi: Eli Lilly Danmark A/S – útibú á Íslandi
Miðlægt markaðsleyfi (EU) – veitt frá 17. desember 2004.
Markaðsleyfi á Íslandi - veitt til 17. desember 2009.

6. **Lyf:**
**Tasmar – EU/1/97/044/001-003/IS** – Filmuhúðaðar töflur 100 mg.
**Tasmar – EU/1/97/044/004-006/IS** – Filmuhúðaðar töflur 200 mg.
Markaðsleyfishafi: Roche Registration Limited.
Umboðsmaður á Íslandi:
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 31. ágúst 2004. (Markaðsleyfi tekur gildi á ný)
Markaðsleyfi á Íslandi - veitt til 31. ágúst 2009.

7. **Lyf:**
**Targetin – EU/1/01/176/001/IS** – Hylki, mjúk, 75 mg, 2 glös (HDPE) 100 stk.
Markaðsleyfishafi: Ligand Pharmaceuticals UK Ltd.
Umboðsmaður á Íslandi:
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 23. mars 2001
Markaðsleyfi á Íslandi – veitt til 29. mars 2006.

8. **Lyf:**
**Azilect – EU/1/04/304/001/IS** – Töflur 1 mg, 7 stk. þynnupakkað.
**Azilect – EU/1/04/304/002/IS** – Töflur 1 mg, 10 stk. þynnupakkað.
**Azilect – EU/1/04/304/003/IS** – Töflur 1 mg, 28 stk. þynnupakkað.
**Azilect – EU/1/04/304/004/IS** – Töflur 1 mg, 30 stk. þynnupakkað.
**Azilect – EU/1/04/304/005/IS** – Töflur 1 mg, 100 stk. þynnupakkað.
**Azilect – EU/1/04/304/006/IS** – Töflur 1 mg, 112 stk. þynnupakkað.
**Azilect – EU/1/04/304/007/IS** – Töflur 1 mg, 30 stk. (HDPE) glas.
Markaðsleyfishafi: Teva Pharma GmbH.
Umboðsmaður á Íslandi: Austurbakki hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 21. febrúar 2005.
Markaðsleyfi á Íslandi – veitt til 21. febrúar 2010.

9. **Lyf:**
**Avastin – EU/1/04/300/001/IS** – Innrennslisþykkni, lausn 25 mg/ml, 1 hgl. 100 mg/4 ml.
**Avastin – EU/1/04/300/002/IS** – Innrennslisþykkni, lausn 25 mg/ml, 1 hgl. 400 mg/16 ml.
Markaðsleyfishafi: Roche Registration Limited.
Umboðsmaður á Íslandi: Icepharma hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 12. janúar 2005.
Markaðsleyfi á Íslandi – veitt til 12. janúar 2010.

10. **Lyf:**
**Halocur – EU/2/99/013/001/IS** – 0,5 mg/ml mixtúra, lausn 490 ml.
**Halocur – EU/2/99/013/002/IS** – 0,5 mg/ml mixtúra, lausn 980 ml.
Markaðsleyfishafi: Intervet International B.V.
Umboðsmaður á Íslandi: Icepharma hf.

Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 29. október 1999
Markaðsleyfi á Íslandi – 5 ára endurnýjun – veitt til 29. október 2009.

11. Lyf:
**Fendrix – EU/1/04/0299/001/IS** – Stungulyf, dreifa (bóluefni) 1 áfyllt sprauta 0,5 ml + nál
**Fendrix – EU/1/04/0299/002/IS** – Stungulyf, dreifa (bóluefni) 1 áfyllt sprauta 0,5 ml án nálar
**Fendrix – EU/1/04/0299/003/IS** – Stungulyf, dreifa (bóluefni) 10 áfylltar sprautur 0,5 ml án nála
Markaðsleyfishafi: GlaxoSmithKline Biologicals S.A.
Umboðsmaður á Íslandi: GlaxoSmithKline ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 2. febrúar 2005
Markaðsleyfi á Íslandi veitt til 2. febrúar 2010.

12. Lyf:
**Tractocile – EU/1/99/124/001/IS** – Stungulyf, lausn 7,5 mg/ml, 0,9 ml x 1 hgl.
**Tractocile – EU/1/99/124/002/IS** – Innrennslisþykkni, lausn 7,5 mg/ml, 5 ml x 1 hgl.
Markaðsleyfishafi: Ferring A/B
Umboðsmaður á Íslandi: Vistor hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 20. janúar 2000
Markaðsleyfi á Íslandi – 5 ára endurnýjun - veitt til 20. janúar 2010.

13. Lyf:
**Quintarix – EU/1/04/301/001-002/IS** – Stofn og dreifa fyrir stungulyf, dreifa.
**Quintarix – EU/1/04/301/003-005/IS** – Stofn og dreifa fyrir stungulyf, dreifa, fjölskammta.
Markaðsleyfishafi: GlaxoSmithKline Biologicals S.A.
Umboðsmaður á Íslandi: GlaxoSmithKline ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 17. febrúar 2005.
Markaðsleyfi á Íslandi - veitt til 17. febrúar 2010.

14. Lyf:
**Truvada – EU/1/04/305/001/IS** – Filmuhúðuð tafla, 30 töflur í glasi.
Markaðsleyfishafi: Gilead Sciences International Limited.
Umboðsmaður á Íslandi:
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 21. febrúar 2005.
Markaðsleyfi á Íslandi – veitt til 21. febrúar 2010.

14. Lyf:
**Prialt – EU/1/04/302/001/IS** – 100 míkróg/ml, innrennslislyf, lausn, 1 hgl. 1 ml.
**Prialt – EU/1/04/302/002/IS** – 100 míkróg/ml, innrennslislyf, lausn, 1 hgl. 2 ml.
**Prialt – EU/1/04/302/003/IS** – 100 míkróg/ml, innrennslislyf, lausn, 1 hgl. 5 ml.
Markaðsleyfishafi: Elan Pharma International Ltd.
Umboðsmaður á Íslandi: Icepharma hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 21. febrúar 2005.
Markaðsleyfi á Íslandi – veitt til 21. febrúar 2010.

15. Lyf:
**Orfadin EU/1/04/303/001/IS** – Hylki, hörð, 2 mg, glas (HDPE), 60 stk.
**Orfadin EU/1/04/303/002/IS** – Hylki, hörð, 5 mg, glas (HDPE), 60 stk.
**Orfadin EU/1/04/303/003/IS** – Hylki, hörð, 10 mg, glas (HDPE), 60 stk.
Markaðsleyfishafi: Swedish Orphan International AB.
Umboðsmaður á Íslandi:
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 21. febrúar 2005.
Markaðsleyfi á Íslandi – veitt til 21. febrúar 2010.

Seltjarnarnesi, 10. maí 2005.
**Lyfjastofnun.**

3631)

# Tilkynning

## um markaðsleyfi er Lyfjastofnun hefur veitt fyrir lyf á Íslandi á árinu 2005 á grundvelli markaðsleyfis frá öðru aðildarríki EES-samningsins með gagnkvæmri viðurkenningu – MR (Mutual Recognition Procedure)

1. Lyf:
**Paclitaxel Mayne – FI/H/372/01** – Innrennslisþykkni lausn 6 mg/ml: 5 ml, 16,7 ml, 25 ml og 50 ml.
Markaðsleyfishafi: Mayne Pharma Plc.
Umboðsmaður á Íslandi: Austurbakki hf.
Finnland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 24. júní 2004.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 7. janúar 2005 til 7. janúar 2010.

2. Lyf:
**Striant – UK/H/675/01** – Munnholstafla á slímhúð 30 mg.
Markaðsleyfishafi: Columbia Laboratories (UK) Ltd.
Umboðsmaður á Íslandi:

**Kreditkort hf**
**kt. 440686-1259**
**Ármúla 28**
**108 Reykjavík.**

gerir kunnugt: að Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, 108 Reykjavík, þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Höllu Þorgeirsdóttur, kt. 070765-4709, sem er talin búa í Frakklandi, en tilraun sendiráðs Íslands í París um að hafa uppá heimilisfangi stefndu hefur engan árangur borið. Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 200.000 ásamt dráttarvöxtum af kr. 200.000 frá 2. nóvember 2004 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málflutningsumboð:* Bjarni Þór Óskarsson hrl., Laugavegi 99, 101 Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Stefnandi gefur út greiðslukort og selur tengda þjónustu til söluaðila. Stefnda gerði samstarfssamning við stefnanda dags. 13. september 2002 um að geta tekið við greiðslu í formi greiðslukorta útgefnum af stefnanda með þar til gerðri handþrykki vél. Stefnda gekkst með þessum samningi undir viðskiptaskilmála stefnanda og síðari breytingar á þeim. Færslur á handþrykktar vélar eru háðar ýmsum takmörkunum og verður að fylgja viðskiptaskilmálum til að tryggja öryggi viðskiptanna sbr. ákvæði nr. 4.1-4.2.

Þann 9. september 2004 var veitt heimild til stefndu sem söluaðila fyrir færslu á kortið 5491-9804-5203-7003 að fjárhæð kr. 200.000. Heimild þessi er þó takmörkuð við það, að korthafi hafi gefið leyfi sitt til færslu á greiðslukortið sitt og ber söluaðili ábyrgð á því að um réttan aðila sé að ræða sbr. 2. ml. 5. mgr. ákvæðis nr. 4.2. í viðskiptaskilmálum stefnanda, á þetta sérstaklega við í tilvikum eins og hér, þar sem ekki var framvísað korti við viðskiptin. Vanræki söluaðili þessa skyldu sína þá getur félagið krafið söluaðila um endurgreiðslu á úttekt sem þegar hefur verið greidd út.

Áðurnefnd færsla var greidd til stefndu þann 2. nóvember 2004, en síðar kom í ljós að færsla þessi hafði ekki verið framkvæmd af korthafa og kærði korthafi viðskiptin 9. nóvember 2004. Skorað var á stefndu að gera grein fyrir viðskiptunum með bréfi dags. 24 nóvember 2004, en engar útskýringar bárust frá stefndu á færslunni. Á úttektarseðli má hins vegar sjá að nafn korthafa og undirskrift þar er Rebecca Smith sem er ekki í samræmi við nafn raunverulegs korthafa Margaret Massey, né þess aðila sem einnig er heimilt að taka út af kortinu William Massey. Er því ljóst að söluaðili hefur ekki staðið við viðskiptaskilmála félagsins og er þess krafist að stefnda endurgreiði stefnanda kr. 200.000 sem stefnda fékk greiddar þann 2. nóvember 2004.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnda er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár búsett í Frakklandi en þrátt fyrir tilraun sendiráðs Íslands í París um að hafa uppá heimilisfangi stefndu hefur það engan árangur borið og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu

nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa
2. Skrá yfir framlögð gögn
3. Innheimtubréf lögmanns dags. 14. janúar 2005.
4. Afrit úttektarseðils dags. 9. september 2005.
5. Afrit kæru korthafa dags. 9. nóvember 2004.
6. Samstarfssamningur.
7. Bréf dags. 24. nóvember 2004.
8. Endurgreiðslukvittun dags. 11. nóvember 2004.
9. Bréf Hagstofu dags. 13. apríl 2005.
10. Viðskiptaskilmálar.
11. Bréf utanríkisráðuneytisins
12. Ljósrit Lögbirtingablaðs er stefna þessi birtist í.

Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda/u tilefni til.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/í héraðsdómi Reykjavíkur dómsal 101, Lækjartorgi, þann 30. júní 2005, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hún átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 12. maí 2005
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
**Jón Eiríksson** hdl.

(3707

# Fyrirkall

**Hjörtur O. Aðalsteinsson**
**héraðsdómari við**
**héraðsdóm Suðurlands**

